



Tré ársins í Eyjum

Skógræktarfélag Íslands hefur frá árinu 1989 valið tré ársins og í þann flokk komast aðeins stórglæsileg tré. Tré ársins 2010 er í Vestmannaeyjum, stendur við Heiðarveg 35 og hefur lifað tímana tvenna, staðið af sér stórvíðri, eldgos og öskufall. „Það hefur aldrei hvarflað að manni að tré ársins yrði í Vestmannaeyjum. Tréð er gróðursett 1945 og er því með elstu trjám í bænum og lifði af eldgosíð. Þetta er álmur og gefur okkur, sem erum að rækta, byr undir báða vængi hvort sem við gróðursetjum á vegum Skógræktarfélagsins eða sem einstaklingar,“ sagði Margrét Lilja Magnúsdóttir trjáfræðingur og varaformaður Skógræktarfélags Vestmannaeyja.

„Þann 9. september klukkan 16.00 verður íbúum hússins veitt viðurkenning við hátíðlega athöfn, með lúdrablæstri og ræðuhöldum. Tréð verður mælt í bak og fyrir eftir kúnstarinnar reglum og skráð á spjöld sögunnar. Þessi viðurkenning er mikill heiður og hvatning fyrir okkur öll og bæjarbúar hvattir til að mæta á athöfnina,“ sagði Margrét Lilja.

Meira trúarbrögð en vísindi

-Útgerðarmenn hefðu viljað meiri þorskvóta - Viðbót í þorski fer í strandveiðar

Nýtt kvótaár hófst í gær, 1. september. Í þeim bolfisktegundum sem skipta Eyjamenn hvað mestu máli er lækkun nema í þorskinum sem fer úr 150 þúsund tonnum í 160 þúsund. En þetta er sýnd veiði en ekki gefin því aukningin fer að mestu í strandveiðar.

Langmest lækkun er í ýsunn, sem fer úr 63 þúsund tonnum í 50 þúsund tonn. Ef miðað er við næstsíðasta fiskveiðiár þá nemur skerðingin í ýsu 46,3% á tveimur árum. Þessi skerðing kemur sér mjög illa fyrir Vestmannaeyjar þar sem útgerðir hér eiga meiri ýskvóta en víðast hvar annars staðar á landinu.

Fréttir leituðu til útgerðarmanna í Vestmannaeyjum til að fá álit þeirra á úthlutuninni. Í ljós kom að þeir annaðhvort voru að fá sína úthlutun í hendur eða ekki búinir að fá hana, degi áður en nýtt kvótaár tekur gildi. Voru þeir langt í frá sáttir við þau vinnubrögð.

„Ég er nú ekki búinn að leggja stöng á þetta, er ekki búinn að fá þetta í

„Fiskifræðingarnir eru með allt á tæru um það hve mikið er í stóra karinu í kringum Ísland.“

hendurnar ennþá þó að ekki sé nema rúmur sólarhringur í það að nýtt kvótaár hefjist,“ sagði Óskar Þórarinnsson, útgerðarmaður á Frá VE, þegar við hringdum í hann eftir hádegið á mánudag.

„En þetta er veruleg lækkun, aðallega í ýsunn, líklega um hundrað tonn hjá okkur. En svo má ekkert hækka í þorskinum, þó að alls staðar í kringum landið sé sömu sögu að segja, menn eru í vandræðum með hann, það er svo mikið af honum. Viðhorf fiskifræðinganna minna mig orðið meira á trúarbrögð en vísindi.“

Það er skoðun nær allra í þessari grein að það sé allt of mikið af

þorski í sjónum. Nema fiskifræðinganna. Þeir viðurkenna það bara ekki og eru fullir hroka ef þetta er ámalgáð við þá. Segjast vera með sterð stofnsins alveg á hreinu. Mér finnst það svolítið merkilegt, að þeir skuli vita þetta, þeir sem eru með fiskeldi eru nefnilega oft í vandræðum með að vita hvað mikið er í körunum hjá þeim. En fiskifræðingarnir eru með allt á tæru um það hve mikið er í stóra karinu í kringum Ísland,“ sagði Óskar.

„Það væri miklu nær að leigja út þennan kvóta sem eftir er, ef maður mætti það, heldur en að vera að brasa við að ná þessu. Mér finnst ekkert skrytið að menn skyldu hafa stundað það að leggja bátnum annað hvert ár og leigja út kvótann. Fá bara pening í „lommen“ eins og það var orðað. Hitt er svo annað mál að til þess að halda heilsunni þá reyni ég að sleppa því að hugsa mikið um þessi mál,“ sagði Óskar á Háeyri að lokum.

Sjá úttekt á blaðsíðu 2.

Nágrannarnir ánægðir með Landeyjahöfn: Styrkir vináttubönd

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, vill treysta og efla samvinnu milli Rangárþings eystra og Vestmannaeyja. Hann segir umferð í gegnum sveitarfélagið hafa aukist verulega síðan Landeyjahöfn var opnuð.

„Bæði Vestmannaeyingar og aðrir landsmenn nýta sér veitingastaði, hótél, tjaldstæði og fleira hér á svæðinu. Þessi þróun er mjög ánægjuleg og við ætlum að bjóða bæjarstjórn Vestmannaeyja í opinbera heimsókn í lok september. Styrkja vináttubönd og kynna og fara yfir þá möguleika sem við getum unnið sameiginlega að í framtíðinni.“

Okkar reynsla af þessum nýja samgöngumáta er afar jákvæð og opnar nýjar víddir. Menningarnefnd sveitarfélagsins stendur fyrir sérstakri kjötsúpuháttíð 10. og 11. september sem endar með dansleik í félagsheimilinu Hvoli. Þar mun hljómsveitin Dans á rósum spila því við viljum tengja þetta Vestmannaeyjum og þeir eru hjartanlega velkomnir,“ sagði Ísólfur um fjölgun ferðamanna og auknið samstarf sveitarfélaga.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti Rangárþings ytra, sagði ekkert annað en gott að segja um þær samgöngubætur sem hafa orðið með tilkomu Landeyjahafnar.

„Það er meiri umferð hér í gegn og þó það sé ekki gott að átta sig á hverjir fara til Vestmannaeyja þá vitum við um fólk sem er að fara þangað í fyrsta skipti. Mér finnst fólk vera jákvætt, það er komin betri tenging milli íbúanna sem styrkir samfélögin og virkar í báðar áttir. Þetta er allt af hinu góða og fólk er að átta sig á þeim möguleikum sem opnast í þjónustu og afþreyingu.“

Við erum t.d. með mjög góð þjónustufyrirtæki og afþreyingu á ýmsum sviðum og má þar á meðal nefna góðan golfvöll á Strönd sem nýtur mikill vinsælda og getur einnig þjónað Eyjamönnum, sem öðrum. Þetta á allt eftir að koma í ljós og þá hvort möguleikar eru á meiri samvinnu milli sveitarfélaga en öll samvinna er af hinu góða,“ sagði Guðfinna.



VIÐ ERUM ÞJÓNUSTUADILI
TOYOTA Í EYJUM

SMURSTÖÐ OG ALHLIÐA BÍLAVIÐGÆÐIR / VIÐ ERUM Á MÓTI STRAUMI...!

net-hamar
VÉLA- OG BÍLAVEHKSTÆÐI

FLATIR 21 / S. 481-1216 / GSM. 864-1616



Fríðarhöfn | Sími 481 3500 |

EIMSKIP

Yfir hafnið og heim